

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.

Golfreglur fyrir

Kiwanis



IS-GOLF 2012

Eldey

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.

Regla 1 - Leikurinn

1-1. Almenn

Isgolf er það að leika boltum með golfkylfum, utan vegar, u.þ.b 1380 km. leið meðfram þjóðvegi 1.

1-2. Að hafa áhrif á boltann

Leikmaður, bílstjóri eða Kiwanisfélagar mega ekki gera neitt það sem getur breytt stöðu eða hreyfingu boltans, nema í samræmi við samþykktar reglur og/eða túlkun þeirra á þeim.

Regla 2 – Kylfur

2-1. Almenn

Kylfur leikmanns verða að þola íslenska náttúru og vera vel bónaðar. Æskilegt er að þær kosti ekki of mikið, því að miklar líkur eru á verulegum skemmdum.

2-2. Skemmdar kylfur

Skemmist kylfa leikmanns, hvort sem er við eðlilegt högg eða við aðrar gjörðir hans er leikmanni leyft að brjóta, farga eða selja kylfurnar. Söluandvirði kylfu skal renna til góðgerðamála.

Regla 3 – Boltar

3-1. Almenn

Boltinn sem leikmaður notar verður að fullnægja kröfum þeim sem sem í gildi eru. Leikmaður má setja þessar kröfur sjálfur.

3-2. Bolti óleikhæfur

Bolti er óleikhæfur sé hann sýnilega skorinn, sprunginn eða aflagaður. Má þá leikmaður setja nýjan bolta í leik. Óþarfi er að slá ónýtum boltum um allt land.

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.

Regla 4 – Leikmaðurinn

4-1. Reglur

Leikmaðurinn og bílstjóri hans eru ábyrgir fyrir að kunna reglur, hvernig á að leika um þjóðveg 1. Jafnframt er æskilegt að þeir séu vel að sér í umferðarreglum.

4-2. Skráning á skori

Leikmaðurinn ber enga ábyrgð á skráningu skors. Það er í höndum fagfólks Kiwanisfjölskyldunnar að sjá um skráninguna.

4-3. Leik hætt

Leikmaður má hætta leik hvenær sem er og annar taka við. Ekki er hægt að ætlast til að allir leiki holuna til enda.

Regla 5 – Æfing

5-1. Almennt

Æfingar eru eingöngu leyfilegar á Krísuvíkurvegi. Það er stranglega bannað að æfa sig á Miklubraut eða innan borgarmarka.

Regla 6 – Upplýsingar um höggafjölda

6-1. Almennt

Upplýsingum um höggafjölda skal reynt að koma til almennings eins fljótt og auðið er. Leyfilegt er að nota öll tæki og tól til þess,

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.

Regla 7 – Leikröð

7-1. Almennt

Leikmenn skulu halda leikröðinni eins og hún er ákveðin af skipuleggjendum hverju sinni.

Regla 8 – Teigur

8-1. Tíun

Leikmönnum er heimilt að tíá boltann upp hvenær sem er.

8-2. Teigurinn

Leikmanni er heimilt að hafa teig með sér, samt er leikmanni ekki skylt að nota hann. Stærð hreyfanlegs teigs er hámark 50cm x 50cm.

Regla 9 – Leitað að bolta

9-1. Almennt

Leikmaður má ekki eyða of miklum tíma við leit að bolta, því nóg af boltum með í ferðinni.

Regla 10 – Bolta leikið þar sem hann liggur

10-1. Lagfærð lega

Leikmaður má alltaf laga legu boltans.

10-2. Bygging undirstöðu

Leikmaður á alltaf rétt á tryggri fótstöðu og verður að gera hvað sem er til að fá hana. Þetta er til að lágmarka slysaþættu leikmanns.

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.

Regla 11 – Bolti sleginn

11-1. Bolti skal sleginn hreinlega

Slá verður boltann hreinlega með kylfuhausnum og ekki má krafsa, ýta eða moka honum enda tæki það þá allt sumarið að leika þessa holu.

11-2. Aðstoð

Þegar leikmaður slær högg, má hann fá alla þá aðstoð sem hann þarf. Þetta á sérstaklega við um ráðherra, lögreglustjóra og sýslumenn.

Regla 12 – Rangur bolti

12-1. Almenn

Það er ekkert sem heitir rangur bolti.

Regla 13 – Bolti hreinsaður

13-1. Almenn

Alltaf má hreinsa bolta, sérstaklega ef þeir lenda í kúamykju eða sambærilegum aðstæðum.

Regla 14 – Hindranir

14-1. Almenn

Hindranir eru allir þéttbýliskjarnar, langar brýr, jarðgöng, umferð húsdýra og jafnvel hreindýra og allt það sem hindrar eðlilegan leik.

14-2. Lausn

Í stað kílómetra sem tapast vegna hindrana er heimilt að safna þeim upp með því að slá sömu vegalengd á hentugri stöðum, t.d. flugvöllum.

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.

Regla 15 – Vatnstorfærur

15-1. Almenn

Vatnstorfærur eru öll jökullón, haf, vötn, pollar, lækir, ár og stórfljót.

15-2. Lausn

Það er vítalaust ef bolti lendir í vatnstorfæru. Er ætlast til að leikmenn reyni að yfirslá stórar torfærur.

Regla 16 – Bolti týndur eða útaf

16-1. Bolti týndur

Týnist bolti er það vítalaust. Gott væri ef skráð væri hvaða leikmaður týnir flestum boltum.

16-2. Bolti útaf

Það er alltaf matsatriði hvenær bolti er útaf. Þegar bolti lendir í Atlantshafinu, þá telst bolti útaf landinu og má leikmaður setja nýjan bolta í leik án vísis á þurru landi.

Regla 17 – Óslánlegur bolti

17-1. Almenn

Bolti er aldrei óslánlegur ef menn fara eftir reglunum.

Regla 18 – Vindhögg

18-1. Almenn

Vindhögg má ekki telja með í höggafjölda.

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.

18-2. Refsing

Engin refsing liggur við vindhöggi. Næg refsing við þessari reglu er að meðspilarar geri grín að leikmanni í næsta matar- eða kaffistoppi.

Regla 19 – Leiklína

19-1. Almenn

Leikmaður sem er mjög gjarn á að draga bolta eða húkka eins og það er almennt kallað er vinsamlegast beðinn um að vanda sig sérstaklega.

Gott væri fyrir þá að þann leikmanna að taka nokkuð mörg æfingarhögg fyrir leik.

Reglur þessar eru vegna Isgolf Kiwanis 2012.

Verkefnisstjórn Isgolfs
með aðstoð frá
Jóni Thorarensen, alþjóðadómara

Reglur um Isgolf Kiwanis 2012.